

Kaup Venusar ehf. í Hampiðjunni hf.

Í tengslum við fréttir af kaupum Venusar ehf. í Hampiðjunni hf. og álits yfirtökunefndar, dags. 3. desember 2005 og aðgerða Venusar ehf. í framhaldi af því, skoðaði Fjármálaeftirlitið (FME) hvort ástæða væri til formlegrar athugunar á yfirtökuskyldu í Hampiðjunni hf. Frumathugun FME sem byggðist á opinberum gögnum leiddi í ljós að ef yfirtökuskylda hefði myndast þá virtist umrætt tilvik uppfylla öll þau skilyrði til undanþágu sem helst er horft til í Evrópulöndum, sbr. túlkun FME um “Réttarræði Fjármálaeftirlitsins þegar aðili sem farið hefur upp fyrir yfirtökumörk í skilningi 37. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti selur aftur þann hluta sem er umfram leyfileg mörk.” Að mati FME voru ekki forsendur til að vísa málinu til refsimeðferðar, sem hefði verið það úrræði er til greina hefði komið að lokinni formlegri athugun, eins og málið var vaxið. Með hliðsjón af framansögðu taldi FME ekki tilefni til frekari aðgerða.